



Borgarstjórn Reykjavíkur
3. mars 2026

Tillaga um aðgerðir gegn einmanaleika og um eflingu frístundapjónustu

Borgarstjórn samþykkir að fela borgarstjóra að láta vinna sérstaka aðgerðaáætlun gegn einmanaleika og undirbúa yfirferð á stefnu Reykjavíkurborgar um frístundapjónustu með það að markmiði að fjölga tækifærum íbúa á öllum aldri til aukinnar samveru.

Greinargerð

Leiðarljós Reykjavíkurborgar er að bjóða upp á fjölbreytta og heilsueflandi frístundapjónustu sem hvetur til virkrar þátttöku, sköpunar og betra samfélags fyrir fólk á öllum aldri. Það er orðið tímabært að endurskoða stefnu borgarinnar sem er síðan 2017 og vel fer á því að hefja undirbúning þessarar vinnu með því að borgarstjóri skipi hóp sem tekur að sér verkefnið. Vinna hópsins á meðal annars að hverfast um eflingu og nýja nálgun á samfélagshúsin, sundlaugarnar, bókasöfnin og félagsmiðstöðvarnar og hvernig megi auðvelda aðgengi og auka aðsókn að þeim. Ekkert okkar á að upplifa einangrun og einmanaleika í Reykjavík og verður það verkefni hópsins hvernig megi enn frekar draga úr einsemd fólks á öllum aldri.

